

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1176****2022/EES/34/15****frá 16. júlí 2021**

um breytingu á III., V., VII. og IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar arfgerðargreiningu á jákvæðum tilvikum smitandi svampheilakvilla í geitum, aldursákvörðun á sauðfé og geitum, ráðstafanir sem gilda um hjörð eða hóp með afbrigðilega riðuveiki og skilyrði fyrir innflutningi á afurðum úr nautgripum, sauðfé og geitum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 23. gr. og inngangsorðum og m-lið 23. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla (áður þýtt sem „smitandi heilahrönnunarsjúkdómar“) í dýrum. Þar eru aðildarríkin, þriðju lönd eða svæði þeirra flokkuð eftir áhættu þeirra með tilliti til kúariðu þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum eða áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind.
- 2) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur um vöktunarkerfi með tilliti til forvarna gegn svampheilakvilla, þ.m.t. vöktun sauðfjár og geita. Í 8. lið II. hluta kafla A í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um skyldubundna arfgerðargreiningu á jákvæðum tilvikum smitandi svampheilakvilla í sauðfé og skyldu um að tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um öll tilvik smitandi svampheilakvilla sem greinast í sauðfé af ARR/ARR-arfgerð. Sauðfé af ARR/ARR-arfgerð telst hafa þol gegn dæmigerðri riðuveiki og því er hvert sjúkdómstilvik hjá slíku sauðfé óvænt og krefst athygli. Af þessum sökum ætti að tilkynna um slíkt tilvik tafarlaust þannig að unnt sé að rannsaka það frekar.
- 3) Reglugerð (EB) nr. 999/2001 var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/772 ⁽²⁾, í samræmi við tilmæli í vísindalegu álitni Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 5. júlí 2017 um arfbundið þol gegn smitandi svampheilakvilla í geitum ⁽³⁾, í því skyni að viðurkenna að geitur geti einnig haft arfbundið þol gegn stofnum dæmigerðrar riðuveiki, sem vitað er að eru af náttúrunnar hendi í geitastofni Sambandsins, ef þær hafa genasamsæturnar K222, D146 eða S146. Reglugerð (ESB) 2020/772 breytti VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 með því að setja reglur sem takmarka aflifun og eyðingu geita í hjörð þar sem tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest við einungis þær sem eru næmar fyrir þessum sjúkdómi. Breytingarnar, sem voru gerðar á VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 með reglugerð (ESB) 2020/772, náðu þó ekki yfir arfgerðargreiningu á jákvæðum tilvikum smitandi svampheilakvilla í geitum. Því ætti að breyta 8. lið II. hluta kafla A í III. viðauka og 8. lið í hluta I.A í kafla B í III. viðauka til að kveða á um viðeigandi vöktun og skýrslugjöf með tilliti til arfgerða jákvæðra tilvika smitandi svampheilakvilla í geitum.
- 4) Að auki er í reglugerð (EB) nr. 999/2001 mælt fyrir um reglur um sérstakt áhættuefni og þar er m.a. kveðið á um að sérstakt áhættuefni skuli fjarlæggt og því fargað í samræmi við V. viðauka við hana og í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ⁽⁴⁾. Í b-lið 1. liðar V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er sérstakt

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 256, 19.7.2021, bls. 56. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/772 frá 11. júní 2020 um breytingu á I., VII. og VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar ráðstafanir til að útrýma smitandi svampheilakvilla í geitum og búfjárkynjum í útrýmingarhættu (Stjtið. ESB L 184, 12.6.2020, bls. 43).

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(8), 4962.

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

áhættuefni skilgreint nánar í sauðfé og geitum eldri en 12 mánaða sem á að fjarlægja og farga í samræmi við V. viðauka við hana og í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1069/2009.

- 5) Vegna sérstöðu sauðfjár- og geitaræktunar er sjaldan mögulegt að fastsetja nákvæman fæðingardag sauðfjár og geita og því eru slík gögn ekki höfð með í skrá bús sem krafist er í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 ⁽⁵⁾. Áður en breytingin var gerð á V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/969 ⁽⁶⁾ var því gerð krafa um að sérstakt áhættuefni væri fjarlægt úr sauðfé og geitum eldri en 12 mánaða eða úr sauðfé og geitum sem eru komin með fullorðinsframtönn sem er komin upp úr gömnum.
- 6) Reglugerð (ESB) 2018/969 breytti V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 með því að bæta við þeim möguleika að nota aðferð, sem lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem slátrun fer fram samþykkir, til að sanngreina sauðfé og geitur sem eru eldri en 12 mánaða. Þeim möguleika var bætt við árið 2018 en frá því að breytingin var gerð hefur ekkert aðildarríki nýtt sér hann. Enn fremur var ætlunin að þessi möguleiki yrði aðeins nýttur í aðildarríkjum en ekki í þriðju löndum. Til samræmis við það, í þágu réttarvissu og til glöggvunar, er nú rétt að fella hann brott. Því ætti að fella brott þann möguleika að nota aðferð, sem lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem slátrun fer fram samþykkir, til að sanngreina sauðfé og geitur sem eru eldri en 12 mánaða úr b-lið 1. liðar V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 7) Í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um ráðstafanir vegna eftirlits með og útrýmingu smitandi svampheilakvillu, þ.m.t. afbrigðileg riðuveiki. Í kafla B í þeim viðauka er einkum mælt fyrir um þær ráðstafanir sem skal gera í kjölfar staðfestingar á því að upp hafi komið smitandi svampheilakvilli í nautgripum, sauðfé og geitum. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 630/2013 ⁽⁷⁾ breytti VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 í því skyni að afnema allar takmörkunarráðstafanir á tilflutningi sauðfjár og geita þar sem tilvik afbrigðilegrar riðuveiki hefur verið staðfest en viðhalda auknu eftirliti í tvö ár með þessum hjörðum eða hópum til að safna frekari vísindagögnum um afbrigðilega riðuveiki. Frá því að reglugerð (ESB) nr. 630/2013 var samþykkt hefur umtalsverðu magni af gögnum verið safnað. Því ætti nú að fella brott ráðstöfunina sem mælt er fyrir um í lið 2.2.3 í kafla B í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 og varðar ekki lýðheilsumál.
- 8) Í kafla C í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um kröfur um innflutning til Sambandsins á afurðum úr nautgripum, sauðfé og geitum. Þessar kröfur eru mismunandi eftir stöðu upprunals eða -svæðis afurðanna með tilliti til kúariðu sem og eftir stöðu upprunals eða -svæðis dýranna sem afurðirnar eru úr með tilliti til kúariðu. Staða landa eða svæða m.t.t. kúariðu út frá áhættu í tengslum við kúariðu er sett fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB ⁽⁸⁾ þar sem lönd eða svæði, þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg eða áhætta í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum, eru skráð og kveðið er á um að líta skuli svo á að í öllum öðrum löndum eða svæðum sé áhætta í tengslum við kúariðu óskilgreind.
- 9) Mælt er fyrir um sértækar kröfur í g- og h-lið B-þáttar kafla C í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 um innflutning á afurðum frá landi eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg úr dýrum sem eru upprunnin í landi eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind; í g-lið er kveðið á um að dýrin megi ekki hafa verið fôðruð á kjöt- og beinamjöli eða hömsum og í h-lið er kveðið á um að afurðir verði að hafa verið framleiddar og meðhöndlaðar á þann hátt að tryggt sé að þær hvorki innihaldi né séu mengaðar af eitla- og taugavefjum sem voru óvarðir meðan á úrbeiningu stóð.

⁽⁵⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 frá 17. desember 2003 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita og breytingu á reglugerð (EB) nr. 1782/2003 og tilskipunum 92/102/EBE og 64/432/EBE (Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8).

⁽⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/969 frá 9. júlí 2018 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar kröfur um að fjarlægja sérstök áhættuefni úr smáum jörturdýrum (Stjtíð. ESB L 174, 10.7.2018, bls. 12).

⁽⁷⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 630/2013 frá 28. júní 2013 um breytingu á viðaukunum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahörönnunar (Stjtíð. ESB L 179, 29.6.2013, bls. 60).

⁽⁸⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum (Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84).

- 10) Sértaeku kröfurnar, sem mælt er fyrir um í g- og h-lið B-þáttar kafla C í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru í samræmi við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í a-lið 1. liðar og ii. lið c-liðar 1. liðar í D-þætti þess kafla, um beinan innflutning inn í Sambandið frá landi eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind. Hins vegar er sem stendur ekki mælt fyrir um þessar sértaeku kröfur í C-þætti kafla C í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 þar sem mælt er fyrir um kröfur um innflutning frá landi eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum. Af þessum sökum er sem stendur heimilt, vegna þess að þessu var óvart sleppt, að flytja inn í Sambandið, frá landi eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum, afurðir úr dýrum sem eru upprunnin í landi eða á svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind og uppfylla ekki þessar sértaeku kröfur. Því ætti að færa sértaeku kröfurnar, sem mælt er fyrir um í g- og h-lið B-þáttar kafla C í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, inn í C-þátt kafla C í þeim viðauka.
- 11) Því ætti að breyta III., V., VII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III., V., VII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III., V., VII. og IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 8. liðar II. hluta kafla A kemur eftirfarandi:

„8. Arfgerðargreining

8.1. Ákvarða skal príonprótínarfgerð fyrir tákna 136, 154 og 171 fyrir hvert jákvætt tilvik smitandi svampheilakvilla í sauðfé. Tilvik smitandi svampheilakvilla í sauðfé með arfgerð þar sem alanín (A) er kóðað í báðum genasamsætunum í tákna 136, argínín (R) er kóðað í báðum genasamsætunum í tákna 154 og argínín (R) í báðum genasamsætunum í tákna 171 skulu þegar í stað tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar. Ef sjúkdómstilvik smitandi svampheilakvilla, sem greinist jákvætt, er afbrigðilegt riðuveikilvik skal einnig ákvarða príonprótínarfgerðina fyrir tákna 141.

8.2. Ákvarða skal príonprótínarfgerð fyrir tákna 146 og 222 fyrir hvert jákvætt tilvik smitandi svampheilakvilla í geitum. Tilvik smitandi svampheilakvilla í geitum með arfgerð þar sem serín (S) er kóðað eða asparssýra (D) í a.m.k. einni genasamsætu í tákna 146 og/eða lýsín (K) í a.m.k. einni genasamsætu í tákna 222 skulu þegar í stað tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar.“

b) Í stað 8. liðar I. hluta A í kafla B kemur eftirfarandi:

„8. Arfgerðin og, ef unnt er, búfjárkyn alls sauðfjár og allra geita sem var jákvætt fyrir smitandi svampheilakvilla og sýni voru tekin úr í samræmi við 8. lið í II. hluta kafla A.“

2) Í stað b-liðar 1. liðar í V. viðauka kemur eftirfarandi:

„b) að því er varðar sauðfé og geitur: hauskúpa, þ.m.t. heili og augu, og mæna úr dýrum, sem eru eldri en 12 mánaða eða eru komin með fullorðinsframtönn sem er komin upp úr gömnum.“

3) Kafla B í VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Liður 2.2.3 fellur brott.

b) Í stað d-undirliðar í lið 3.5. kemur eftirfarandi:

„d) í tvö ár frá því að beitingu allra ráðstafananna, sem um getur í lið 2.2.1, b-lið liðar 2.2.2 eða c-liðar liðar 2.2.2, lýkur, að því tilskildu að ekkert tilvik smitandi svampheilakvilla annað en afbrigðileg riðuveiki greinist á þessu tveggja ára tímabili.“

c) Í stað liðar 4.6 kemur eftirfarandi:

„4.6. Takmarkanirnar, sem settar eru fram í liðum 4.1 til 4.5, skulu gilda í tvö ár eftir að síðasta tilvik smitandi svampheilakvilla, annað en afbrigðilegrar riðuveiki, greinist á búum þar sem valkosti 3, sem mælt er fyrir um í d-lið liðar 2.2.2, hefur verið beitt.“

4) Í 1. lið í C-þætti kafla C í IX. viðauka er eftirfarandi undirliðum bætt við:

„e) að ef dýrin, sem afurðir úr nautgripum, sauðfé og geitum eru fengnar úr, koma frá landi eða svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind hafa dýrin ekki verið fóðruð á kjöt- og beinamjöli eða hömsum, eins og skilgreint er í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr,

f) að ef dýrin, sem afurðir úr nautgripum, sauðfé og geitum eru fengnar úr, koma frá landi eða svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind voru afurðirnar framleiddar og meðhöndlaðar á þann hátt að tryggt sé að þær hvorki innihaldi né séu mengaðar af eitla- og taugavefjum sem voru óvarðir meðan á úrbeiningu stóð.“